

## KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2106 TIL NOREGS

**Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs fara að þessu sinni til Joachim Trier (leikstjórn og handrit), Eskil Vogt (handrit) og Thomas Røsbjerg (framleiðsla) fyrir *LOUDER THAN BOMBS*.**

Hin margviðurkennda kvikmynd *LOUDER THAN BOMBS* hlaut í gærkvöldi hin virtu KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2016, sem þykja ein af eftirsóttustu kvikmyndaverðlaunum norður Evrópu. Er þetta í fyrsta sinn sem norsk mynd hlýtur þessa viðurkenningu. Verðlaunin voru veitt í viðurvist Frederiks krúnuprins Danmerkur á haustarástefnu Norðurlandaráðs sem nú stendur yfir í Kaupmannahöfn.

Verðlaunin hljóða upp á 350.000 danskar krónur (tæpar 6 milljónir íslenskar krónur) sem Trier, Vogt og Røsbjerg skipta á milli sín. Verðlaunin eru til þess gerð að viðurkenna kvikmyndina sem listsköpun er fæðist úr samstarfi leikstjóra, handritshöfundar og framleiðanda.

*LOUDER THAN BOMBS* fjallar um föður og syni hans tvo þremur árum eftir að eiginkona hans og móðir þeirra, þekktur stríðsljósmyndari, dó svíplegum dauða. Eldri sonurinn snýr tilneyddur aftur á heimili fjölskyldunnar, því nú er áætlað að sett verði upp ljósmyndasýning til heiðurs móðurinni og kemst hann þar með ekki hjá því að að eyða tíma með föður sínum og yngri bróður, sem hann hefur ekki séð í mörg ár og hefur dregið sig inn í skel. Með syni sína tvo aftur undir sama þaki leggur faðirinn sig fram um að tengjast sonum sínum á nýjan leik. Það reynist þó hægara sagt en gert að setta mótsagnakenndar tilfinningar feðganna gagnvart konu sem þeir minnst allir með afar ólíkum hætti.

Í fyrra var myndin fyrsta framlag Noregs til Gullpálmans á Cannes í 36 ár og var hún seld til 92 landa. Sama ár vann hún Cannon verðlaunin fyrir besta leikstjóra, besta frumsamda handrit og bestu kvikmyndatöku á Kosmorama-Trondheim International Film Festival sem og Bronze Horse verðlaunin fyrir bestu myndina á Stockholm International Film Festival. Bíó Paradís frumsýndi myndina á Íslandi 15. apríl síðastliðinn í samstarfi við Norræna húsið og Norræna kvikmyndadaga.

Það sem dómnefndin sagði um myndina var eftirfarandi: „*Hið listræna framtak sem Joachim Trier og teymið hans hafa tekið sér fyrir hendur setur frásagnarlistina upp á nýtt stig. Byggingin er flókin, tilfinningarnar eru brotnar til mergjar og klisjum er sundrað; allt þetta ætti að gera myndina að skyldunámi í kvikmyndaskólum um heim allan.*“

Joachim Trier (f. 1974) nam við Evrópska kvikmyndaskólann í Danmörku og stundaði að því loknu starfsnám við National Film and Television School í Bretlandi, þar sem hann gerði fjölda stuttmynda sem unnu til ýmissa verðlauna. Trier öðlaðist skjóta heimsfræð eftir fyrstu mynd sína í fullri lengd, *REPRISE* (2006), sem fór um allan heim og hlaut rúmlega 20 viðurkenningar, m.a. fyrir bestu leikstjórn á kvikmyndahátíðinni í Karlovy Vary og Discovery-verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Toronto. Hann fylgdi henni eftir með *OSLO, AUGUST 31ST*, sem var valin til sýninga í flokknum Un Certain Regard á hátíðinni í Cannes 2011 og hlaut verðlaun fyrir bestu leikstjórn á Amanda-verðlaunahátíðinni í Noregi árið 2012.

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS eru virtustu kvikmyndaverðlaun á Norðurlöndunum. Verðlaunin eru veitt vönduðum myndum sem hafa djúpar norrænar rætur. *LOUDER THAN BOMBS* er 13. sigurvegari verðlaunanna. Í fyrra hlaut kvikmyndin *FÚSI* (*VIRGIN MOUNTAIN*) eftir Dag Kára verðlaunin.

### TIL BLAÐAMANNA:

Meðfylgjandi er ljósmynd af leikstjóranum Joachim Trier. Lestu meira Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs, sigurvegarinn í ár og hinar fjórar myndirnar sem voru tilnefndar á eftirfarandi síðum:

[www.nordiskraadsfilmpris.com](http://www.nordiskraadsfilmpris.com)

[www.nordiccouncilfilmprize.com](http://www.nordiccouncilfilmprize.com)

<http://www.norden.org/da/nordisk-raad/nordisk-raads-priser>

<https://www.facebook.com/nordiskfilmogtvfond>

**Tengiliður:** Ísleifur Þórhallsson, Sena/Háskólabíó, sími 591-5100 / [isi@sena.is](mailto:isi@sena.is)